




FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR ÍTR

Frístundastarf fyrir unglinga í Reykjavík





HLUTVERK FÉLAGSMIÐSTÖÐVA

Félagsmiðstöðvar starfa samkvæmt Starfsskrá skrifstofu tómstundamála (ÍTR) frá 2007. Þar kemur m.a. fram að með starfsemi félagsmiðstöðva er þörfum unglinga fyrir fjölbreytt frítímastarf og samveru með jafnöldrum mætt. Áhersla er lögð á að þjálfa samskiptafærni, auka félagsfærni, styrkja sjálfsmynd og efla samfélagslega virkni og þátttöku.

Að eiga góðar stundir með jafnöldrum án sýnilegs markmiðs er mikilvægur hluti af lífinu og nauðsynlegt að skapa unglingum tíma og aðstöðu til afþreyingar undir þessum formerkjum. Það er einnig mikilvægt að í frítímanum fáið unglingar við fjölbreytt og skapandi verkefni þar sem lögð er áhersla á virkni, frumkvæði og sköpun. Þátttaka í slíkum verkefnum færir unglingum reynslu og þekkingu sem þeir búa að og geta yfirfært á samfélagið. Í félagsmiðstöðvastarfi er lögð áhersla á fyrrnefnd atriði, ekki síst í gegnum reynslunám og óformlega menntun.

Þátttaka í skipulögðu frítímastarfi í umsjón fagfólks í öruggu umhverfi hefur mikið forvarnargildi. Með því að bjóða unglingum upp á jákvæð viðfangsefni með sterkum fyrirmyndum aukast líkur á því að þeir kjósi heilbrigðan lífsstíl og forðist áhættuhegðun. Í félagsmiðstöðvastarfi er sérstök áhersla lögð á forvarnir gegn vímuefnum en í þeim reglum sem gilda í starfi félagsmiðstöðva er skýr afstaða tekin gegn allri vímuefnaneyslu og annarri neikvæðri hegðun.



STARFSEMI

Unglingalýðræði er hugmyndafræðin sem félagsmiðstöðva-starfið byggir á og er notuð til að tryggja áhrif unglínganna á starfið. Það er í anda unglíngalýðræðis að kosið er í unglíngaráð og í því sitja einstaklingar sem hafa boðið sig fram og eru lýðræðislega kjörnir. Mikilvægasta hlutverk unglíngaráðsins er að virkja sem flesta unglínga til þátttöku í starfi félagsmiðstöðvarinnar, standa fyrir og skipuleggja dagskrána.

Tveir meginstarfspættir félagsmiðstöðvanna er annars vegar svokallað opið starf og hins vegar hópastarf. Opið starf felur í sér ýmis frístundatilboð sem standa öllum unglíngum til boða. Unglínkar geta komið og nýtt aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar á opnunartíma hennar. Undir opna starfið fellur einnig formleg og óformleg fræðsla, viðburðir og styttri og lengri ferðir. Hópastarf gefur unglíngum möguleika á að starfa í minni hópum að áhugategndum verkefnum með aðstoð starfsmanns. Hópar geta einnig verið árgangahópar eða stelpu- og strákahópar þar sem dagskráin er fjölbreyttari og ekki miðuð við afmörkuð viðfangsefni. Í hópastarfi skapast persónulegri tengsl og tækifæri gefast fyrir beina og óbeina fræðslu ásamt umfjöllun um ýmis unglíngatengd málefni.

OPNUNARTÍMI

Opnunartími félagsmiðstöðva yfir vetrartímann fylgir að mestu starfsári grunnskóla. Opnunartími er misjafn eftir miðstöðvum og upplýsingar um hann er að finna á heimasíðum félagsmiðstöðvanna. Yfir sumartímann er áhersla lögð á hópastarf og því ekki um formlegan opnunartíma að ræða.



STARFSMENN

Forstöðumenn frístundamiðstöðva bera ábyrgð á starfsemi félagsmiðstöðva. Hjá hverri frístundamiðstöð starfar deildarstjóri unglingastarfs sem samræmir og hefur faglegt eftirlit með starfi félagsmiðstöðva en frístundaráðgjafar hafa umsjón með daglegu starfi.

Áhersla er lögð á að allt starfsfólk sé með háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærilega menntun. Jafnframt er lögð áhersla á að starfsmenn hafi mikla reynslu af starfi með börnum og unglingum og séu góðar fyrirmyndir unglinga.

Hjá ÍTR er virk stefna um símenntun starfsmanna og því gefst starfsfólki tækifæri til að sækja starfstengda fræðslu á vegum ÍTR og annarra og styrkja sig þannig í starfi. M.a. er gerð krafa um að starfsmenn sæki reglulega námskeið í skyndihjálpi og að nýir starfsmenn sæki grunnnámskeið.


Starfsmenn félagsmiðstöðva hafa öryggi og vellíðan unglinga að leiðarljósi í öllu starfi og fylgja verkferlum eftir því sem við á, s.s. við undirbúning ferða, viðburða og ef slys ber að höndum.

SAMSTARF

Félagsmiðstöðvar í Reykjavík eru í talsverðu samstarfi varðandi faglega umgjörð og einstaka viðburði. Félagsmiðstöðvar ÍTR eru aðilar að samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi, SAMFÉS, og taka virkan þátt í starfi samtakanna. Félagsmiðstöðvar leggja áherslu á gott samstarf við grunnskólana enda starfa margar þeirra í grunnskólahúsnæði. Áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra og foreldrafélög og eru foreldrar sérstaklega boðnir velkomnir í heimsókn á félagsmiðstöðvadaginn sem haldinn er ár hvert. Á heimasíðum félagsmiðstöðva má finna ýmsar upplýsingar um starfið auk þess sem starfsfólk tekur ábendingum og fyrirspurnum frá foreldrum fagnandi.



ÍTR rekur sex frístundamiðstöðvar í hverfum borgarinnar sem ber ábyrgð á og skipuleggur félagsmiðstöðvastarf fyrir unglinga. Fyrsta félagsmiðstöðin í Reykjavík, Fellahellir, hóf starfsemi árið 1974. Í kjölfarið opnuðu félagsmiðstöðvagnar Bústaðir og Tónabær og hefur félagsmiðstöðvum fjölgað jafnt og þétt síðan. Félagsmiðstöðvar í Reykjavík eru nú 21 talsins. Á þessum rúmum 30 árum hefur starfsemin þróast í takt við auknar kröfur samfélagsins um fagstarf í frítímanum.



FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR ÍTR

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN FROSTASKJÓL

Sími 411-5700 - www.frostaskjol.is

- Félagsmiðstöðin Frosti - www.frostaskjol.is/frosti

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ MIÐBORGAR OG HLÍÐA

Sími 411-5560 - www.itr.is/midborgoghlidar

- Félagsmiðstöðin 101 - www.frostaskjol.is/101
- Félagsmiðstöðin Hlíðaskóla - www.itr.is/midborgoghlidar
- Félagsmiðstöðin Háteigsskóla - www.itr.is/midborgoghlidar

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN TÓNABÆR

Sími 510-8800 - www.tonabaer.is

- Félagsmiðstöðin Tónabær - www.tonabaer.is/tono
- Félagsmiðstöðin Bústaðir - www.bustadir.is
- Félagsmiðstöðin Þróttheimar - www.throttheimar.is
- Félagsmiðstöðin Laugalækjarskóla - www.throttheimar.is

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN MIÐBERG

Sími 411-5750 - www.midberg.is

- Félagsmiðstöðin Miðberg - www.midberg.is/midberg
- Félagsmiðstöðin Hólmasel - www.holmasel.is

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN ÁRSEL

Sími 567-1740 - www.arsel.is

- Félagsmiðstöðin Ársel - www.arsel.is/arsel
- Félagsmiðstöðin Fókus - www.arsel.is/fokus
- Félagsmiðstöðin Norðlingaskóla - www.arsel.is/nordlingaholt

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN GUFUNESBÆR

Sími 520-2300 - www.gufunes.is

- Félagsmiðstöðin Engyn - www.gufunes.is/engyn
- Félagsmiðstöðin Fjörgyn - www.gufunes.is/fjorgyn
- Félagsmiðstöðin Flógyn - www.gufunes.is/flogyn
- Félagsmiðstöðin Græðgyn - www.gufunes.is/graedgyn
- Félagsmiðstöðin Nagyn - www.gufunes.is/nagyn
- Félagsmiðstöðin Púgyn - www.gufunes.is/pugyn
- Félagsmiðstöðin Sigyn - www.gufunes.is/sigyn
- Félagsmiðstöðin Sængyn - www.gufunes.is/saengyn

Íþróttar – og tómstundasvið Reykjavíkur

**Skrifstofa tómstundamála - Bæjarhálsi 1 - 110 Reykjavík
s.411-5000 - www.itr.is**